

á Alþingi af hálfu Alþýðuflokksins, beitti Sjálfstæðisflokkurinn sér harkalega gegn því.

Ólafur Thors sagði þá eftirfarandi:

„En þó að ég játi, að hér í bæ sé búið í þeim íbúðum, sem ekki eru mannabústaðir, . . . er hitt víst, að frumvarp þetta . . . er . . . vitagagnslaust“, . . . „niðurstaðan af slíkri löggjöf almenningi til skaða“. „ . . . ekki aðeins vitagagnslaust, heldur beint skaðlegt og aðeins flutt til að sýnast“.

Ólafur Thors sagði ennfremur í háði um Tryggva Þórhallsson er tók vel í málið:

„Sveitamannshjarta hans fékk kaupstaðarsting, er hann sá þessi mörgu fátæku börn ganga fram hjá . . .“

Ólafur Thors talaði um það með fyrirlitningu, að menn væru að „þenja sig og grenja um dimmu, köldu og röku kjallaraholurnar“, og hann talaði um „tilfinningavæl jafnaðarmanna“ í þessu sambandi.

En „tilfinningavælið“ hefur borið árangur. Löggjöfin, sem Ólafur Thors sagði, að verða mundi ekki aðeins vitagagnslaust, heldur beinlínis skaðleg, hefur reynzt stórkostlegt framfaraspor. Hún hefur þegar haft ómetanlega þýðingu fyrir þúsundir manna, og er sá grundvöllur, sem reynslan hefur sannað, að bezt er að byggja á.

Alþýðuflokkurinn vill halda áfram á þessari braut. Hann vill efla byggingarsjóði verkamanna og stórauka framkvæmdir þeirra. Hann hefur nú lagt til, að þeim verði nú séð fyrir 14 milljón kr. lánsfé árlega í næstu fjögur ár, til þess að hægt verði að byggja a. m. k. 200 íbúðir árlega á þessu tímabili.


Fleiri verkamannabústaði!

Fylkjum okkur um A-listan!

Útrýmum bröggunum!

**Alþýðuflokkurinn krefst nýrra
verkamannabústaða með 800 íbúðum
á næstu 4 árum.**





Verkamannabústaðir í Rauðarárdholti í Reykjavík.

Fátt er allri alþýðu nauðsynlegra en að eiga kost á góðu og ódýru húsnæði. Hinar fátækari stéttir, sem hafa orðið að verja mestum hluta tekna sinna til kaupa á mat og fötum, hafa löngum haft lítið afgang til þess að afla sér góðs húsnæðis, þær hafa búið niðri í kjallara eða uppi undir þaki, í skúrum eða bröggum. En húsnæðisvandræðin hafa lamað lífsgleði þeirra og torvelað þeim baráttuna fyrir því að lifa mannsæmandi menningarlífi.

Alþýðuflokkurinn hefur frá upphafi talið það skyldu hins opinbera að hjálpa hinum efnaminni stéttum til þess að eignast gott og ódýrt húsnæði. Fyrir 20 árum beitti hann sér þess vegna fyrir því, að sett var löggjöf um aðstoð af hálfu hins opinbera við byggingu verkamannabústaða. Ásamt almannatryggingarlöggjöfinni er löggjöfin um verkamannabústaði sú lagasetning, sem orðið hefur íslenskri alþýðu að mestu liði í lífsbaráttunni á undanförunum áratugum. Þúsundir manna njóta nú góðs af þessari löggjöf, þúsundir manna búa nú í góðu og ódýru húsnæði, sem

þeir eiga sjálfir, en hefðu aldrei eignast, ef þessi ágætu lög hefðu aldrei verið sett.

Hér fer á eftir skrá um tölu þeirra íbúða, sem byggðar hafa verið samkvæmt lögunum um verkamannabústaði í ýmsum bæjum landsins, framlög hins opinbera til þessara bygginga og lánveitingar til þeirra:

	Tala íbúða	Framlög til 31. 12. '48	Lán til 31. 12.'48
Reykjavík	336	4.341.000,00	9.059.000,00
Akranes	20	157.000,00	1.700.000,00
Akureyri	36	421.000,00	2.130.000,00
Bolungarvík	6	26.000,00	680.000,00
Borgarnes	3	24.000,00	116.000,00
Dalvík	8	20.000,00	430.000,00
Hafnarfjörður	68	407.000,00	3.085.000,00
Húsavík	10	35.000,00	970.000,00
Ísafjörður	16	183.000,00	930.000,00
Keflavík	12	100.000,00	1.020.000,00
Neskaupstaður	9	59.000,00	750.000,00
Ólafsfjörður	10	36.000,00	950.000,00
Sauðárkrókur	6	61.000,00	160.000,00
Siglufjörður	38	227.000,00	1.994.000,00
Vestmannaeyjar	20	260.000,00	680.000,00
Samtals	598	6.357.000,00	24.654.000,00

Samkvæmt lögunum um verkamannabústaði hafa þannig verið byggðar nærri 600 íbúðir, styrkur til þessara bygginga hefur numið 6,4 millj. kr. og lán til þeirra 24,7 millj. kr. Þessar íbúðir hafa reynzt miklu ódýrari en aðrar samþærilegar íbúðir, þær hafa verið góðar og hagkvæmar. Vegna þessara byggingarframkvæmda hafa hundruð heimila, sem áður börðust í bökkum, orðið bjargálma.

Þegar frumvarp um verkamannabústaði var fyrst flutt